

„Fínleg blæbrigði mannegrar nándar“

Rannsókn á fjarkennslu í tónlist í samkomubanni árið 2020

Ingunn Jónsdóttir

Karen Karólínudóttir

Ágrip

Í samkomubanni vegna kórónuveirufaraldursins í mars árið 2020 var tónlistarkennsla færð yfir í fjarkennslu í hendingskasti. Tónlistarkennarar þurftu að tileinka sér nýja tækni og kennsluhætti og takast á við starfið einangraðir á heimilum sínum. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig tónlistarkennsla var færð yfir í fjarkennslu í samkomubanninu og reynslu og líðan tónlistarkennara af þeim breytingum. Einnig að safna upplýsingum um hvaða leiðir tónlistarkennarar telja æskilegar og hvað ber að forðast við skipulag fjarkennslu ef svipað ástand skapast aftur í íslensku samfélagi. Að auki að skoða hvernig reynslan sem skapast hefur nýtist við þróun tónlistarkennslu. Spurningalisti var sendur til allra tónlistarkennara á landinu og bárust 223 svör. Niðurstöður sýndu að 91% kenndu fjarkennslu á tímabilinu, 61% eingöngu á heimilum sínum. Aðeins 5% þátttakenda sögðust eingöngu hafa notað búnað sem vinnuveitandi útvegaði og 68% sögðust eingöngu hafa notað búnað sem þeir sjálfir útveguðu. Flestir þátttakendur höfðu notast við fjarfundabúnaðinn Facetime, Messenger, Skype og Zoom. Ekki má ráða af niðurstöðum rannsóknarinnar að einn búnaður hafi reynst betur en annar. Þátttakendur rannsóknarinnar voru almennt neikvæðari þegar þeir mátu hljóðgæði en myndgæði en meira en helmingur þeirra mat hljóðgæði slæm eða mjög slæm. Þátttakendur voru flestir á þeirri skoðun að nemendur gátu nýtt sér fjarkennslu og að mæting hefði verið góð (63%), jafnvel betri en í hefðbundna kennslu (17%). Kennarar voru almennt ánægðir með hvernig til tókst en þeim leið ekki vel og upplifðu þreytu og líkamleg einkenni í meira mæli en í hefðbundinni kennslu. Í eðlilegu árferði í framtíðinni taldi tæplega þriðjungur þátttakenda sennilegt að þeir muni nýta sér fjarkennslubúnað, flestir þó sem neyðarúrræði þegar staðkennslu verður ekki komið við. Kennarar á landsbyggðinni sáu frekar fyrir sér að kenna fjarkennslu í framtíðinni en kennarar á höfuðborgarsvæðinu.

Þakkir

Við viljum koma á framfæri þökkum til þeirra sem aðstoðuðu okkur við gerð rannsóknarinnar. Sigrún Grendal og Gunnar Hrafnsson voru tengiliðir við stéttarfélag tónlistarkennara, FT og FÍH. Sigrún Grendal las yfir og kom með góð ráð. Helga Rut Guðmundsdóttir og Stefán Hrafn Jónsson komu með gagnlegar ábendingar varðandi gerð spurningalistans. Einnig þökkum við fyrir styrk úr Rannsóknasjóði Kennarasambands Íslands.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	2
Þakkir.....	3
Inngangur.....	5
Aðferð.....	7
Framkvæmd.....	7
Þátttakendur.....	8
Niðurstöður.....	10
Skipulag fjarkennslu.....	10
Fjarkennslubúnaður.....	13
Nemendur.....	18
Upplifun og líðan kennara.....	20
Horft til framtíðar.....	23
Umræða.....	25
Skipulag fjarkennslu.....	25
Fjarkennslubúnaður.....	26
Nemendur.....	27
Upplifun og líðan kennara.....	28
Horft til framtíðar.....	29
Lokaorð.....	30
Heimildir.....	32
Fylgiskjal.....	34
Spurningalisti um fjarkennslu í tónlist í samkomubanni 2020.....	34

Þann 30. Janúar 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin yfir neyðarástandi á heimsvísu vegna kórónuveirunnar sem veldur sjúkdómnum COVID-19. Þann 28. febrúar sama ár var greint frá því að fyrsta tilfellið hefði greinst á Íslandi og nokkrum dögum síðar greindist fyrsta innanlandssmitið. Í kjölfarið lýsti almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir yfir neyðarstigi vegna faraldursins hér á landi (Embætti landlæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, 2020). Settar voru á takmarkanir með því markmiði að hægja á útbreiðslu faraldursins sem kölluðu á margs konar breytingar á lífi fólks. Mikið var lagt upp úr því að halda úti skólastarfi í samræmi við þær takmarkanir sem voru í gildi hverju sinni og er tónlistarkennsla þar ekki undanskilin. Þann 16. mars tóku gildi reglur sem gengu út á að tímar í hljóðfæra- og söngkennslu skyldu fara fram í húsnæði eða heimastöð tónlistarskóla og skólahljómsveita. Hóptímar féllu niður sem og allir viðburðir tengdir þeirri starfsemi. Nemendur máttu ekki blandast nemendum úr öðrum hópum og miklar hömlur voru á fjölda þeirra sem máttu dvelja í sama rými (Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar, 2020). Ríkar kröfur voru gerðar varðandi hreinlæti og þurftu kennarar að sótthreinsa helstu snertifleti á milli kennslustunda. Í kringum 24. mars færðist hljóðfærakennsla að mestu leyti yfir í fjarkennslu en misjafnt var hvernig skólar útfærðu starfið við þessar takmarkanir. Flestum tónlistarskólum var lokað en 4. maí 2020 var heimilt að kenna aftur staðkennslu með ýmsum takmörkunum.

Tónlistarkennsla gengur mikið út á nálægð við nemendur. Kennslan fer í mörgum tilfellum fram í litlu rými þar sem nánd er mikil. Án nokkurs fyrirvara þurftu tónlistarkennarar hins vegar að aðlagast nýjum veruleika sem gekk fyrst og fremst út á að halda fjarlægð. Ekki var til nein forskrift fyrir hvernig þetta átti að vera framkvæmt og því voru farnar margar mismunandi leiðir með það að markmiði að halda tónlistarkennslunni á floti í samkomubanninu. Tónlistarkennarar þurftu því að takast á við aðstæður sem ekki eru í starfslýsingu þeirra og kynna sér nýja tækni og skipuleggja kennslu upp á nýtt.

Mikið framboð er af tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum. Að auki styðst fjarkennsla við fjarkennslubúnað sem talsvert framboð er af. Mikill tími og orka fer í að velja viðunandi búnað og því mikilvægt að finna út hvaða búnaður hentar best til fjarkennslu í tónlist. Fjarkennslubúnaður er margslunginn og þarf ekki flókinn tækjabúnað til að sinna fjarkennslu í einfaldri mynd, einfaldlega tölvu eða síma. Fullnægjandi hljóð krefst hins vegar flókans

tækjabúnaðar sem fæstir tónlistarskólar og tónlistarkennarar hafa aðgang að. Hraði hljóðs er háður tæknibúnaði og nettengingu en helsta vandamálið er að hljóð berst seint í gegnum fjarkennslubúnað. Það gerir það að verkum að erfitt eða ómögulegt er fyrir kennara að spila/syngja með nemendum. Einnig er nálægðin ekki til staðar og því flóknara að leiðrétta líkamsstöðu og leiðbeina nemendum á sama hátt og undir venjulegum kringumstæðum (Biasutti, Philippe og Schiavio, 2021, Dammers, 2009, Koutsoupidou, 2014).

Í lok tuttugustu aldar voru miklar vonir bundnar við notkun tækni í kennslu og framtíðarsýn í tónlistarkennslu í Bandaríkjunum spáði fyrir um endalaus möguleika kennslu á internetinu (Thornton, 2019). Hvort sem það er vegna íhaldssemi í kennsluháttum eða tæknilegrar vankunnáttu þá hefur hljóðfærakennsla í tónlistarskólum á Íslandi ekki farið yfir í fjarkennslu á fyrstu tuttugu árum aldarinnar nema að litlu leyti. Þó er hægt að sækja fjarkennslu í aukagreinum í tónlist í sumum skólum á internetinu (Tónlistarkennsla.net, 2021). Það er því sérlega áhugavert að vita hvernig tónlistarskólar komu allri hljóðfærakennslu yfir í heimakennslu í samkomubanninu.

Tónlistarkennarar í Evrópu og Bandaríkjunum upplifðu hræðslu, hjálparleysi, rugling (e. disorientation), óþægindi og stress í fjarkennslu þegar samkomutakmarkanir voru settar á (Biasutti o.fl., 2021). Kennslufyrirkomulag fyrir framan tölvu er mjög frábrugðið því að kenna við hljóðfæri svo áhugavert er að grennslast fyrir um upplifun íslenskra kennara af þessum ólíku aðstæðum. Einkakennsla felur í sér persónuleg samskipti og það er fróðlegt að vita hvort kennsla fyrir framan tölvu geti komið í stað mannlegrar nándar.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig tónlistarkennsla í samkomubanni var færð yfir í fjarkennslu í samkomubanninu vorið 2020 og reynslu tónlistarkennara af þeim breytingum. Einnig að safna upplýsingum um hvaða leiðir tónlistarkennarar telja æskilegar og hvað ber að forðast við skipulag fjarkennslu ef svipað ástand skapast aftur í íslensku samfélagi. Þá er mikilvægt að skoða hvernig reynslan sem skapast hefur nýtist við þróun tónlistarkennslu. Ennfremur að kanna líðan tónlistarkennara á þessum tíma.

Aðferð

Framkvæmd

Rannsakendur sömdu spurningalista um fjarkennslu í tónlist í samkomubanni 2020. Spurningalistinn var settur upp í forritinu Google Forms sem er hugbúnaður sem gerði rannsakendum kleift að leggja spurningalistann fyrir á rafrænu formi. Spurningalistinn inniheldur bæði lokaðar og opnar spurningar (sjá viðauka). Flokka má spurningarnar gróflega í fjóra þætti: skipulag fjarkennslu og samvinna við foreldra, fjarfundabúnaður og virkni hans, upplifun og líðan kennara og hvernig nýta má reynsluna í framtíðinni.

Spurningalistinn var forprófaður á fimm tónlistarkennurum til að kanna hvort einhverja vankanta væri að finna. Að því loknu sendi formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum tölvupósta til allra félagsmanna þar sem rannsóknin var kynnt ásamt tengli á könnunina. Formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna sendi sama tölvupóst til þeirra félagsmanna sem tilheyrðu kennaradeild þess félags. Ítrekun var send til allra þátttakenda. Einnig var tengill á könnunina settur inn á Facebookhópinn Bakland tónlistarkennslu. Þátttakendum var gefinn kostur á að hafa samband við rannsakendur ef eitthvað væri óljóst. Tekið var við svörum frá 1. til 24. september 2020. Á þeim tíma voru litlar sem engar samkomutakmarkanir í gangi. Í inngangi spurningalistans var útskýrt fyrir þátttakendum að rannsóknin fjallaði um fjarkennslu á hljóðfæri eða í söng. Öllum tónlistarkennurum var þó boðið að taka þátt í rannsókninni. Þátttakendum var gert ljóst að fyllsta trúnaðar yrði gætt og að svör yrðu ekki rakin til einstakra þátttakenda. Þeim var í sjálfsvald sett hvort þeir tækju þátt, myndu svara einstökum spurningum eða hættu þátttöku hvenær sem væri.

Tölfræðiúrvinnsla var framkvæmd með tölfræðiforritinu Statistical Package for the Social Sciences (SPSS). Lýsandi tölfræði var gerð, tíðni, krosstöflur og marktektarpróf voru reiknuð. Marktekt var miðuð við $p < 0,05$.

Pátttakendur

Pátttakendur voru 223 talsins (101 karl, 118 konur, einn einstaklingur skilgreinir sig á annan hátt og 3 svöruðu ekki spurningunni). Félagsmenn í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum eru 493 og í kennaradeild Félags íslenskra hljómlistarmanna 392. Ekki er hægt að reikna nákvæmt svarhlutfall þar sem sumir tónlistarkennarar eru skráðir í bæði félögin

Tafla 1. Aldur og menntun þátttakenda

		Fjöldi	Hlutfall %
Aldur	20 - 34 ára	24	11
	35 - 49 ára	80	36
	50 - 64 ára	99	44
	65 ára eða eldri	16	7
	Svarar ekki	4	2
Hæsta prófgráða	Miðpróf eða sambærilegt	11	5
	Framhaldspróf eða sambærilegt	18	8
	Bakkalárpróf (BA, BMus eða sambærilegt)	85	38
	Meistarapróf (MA, MMus eða sambærilegt)	87	39
	Doktorspróf (PhD)	3	1
	Annað	11	5
	Svarar ekki	8	4

Tafla 2. Sýnir hvert heildarstarfshlutfall og hvar aðal vinnustaður þátttakenda er.

Tafla 2. Heildarstarfshlutfall og aðal vinnustaður þátttakenda

		Fjöldi	Hlutfall %
Heildarstarfshlutfall	1 – 24%	6	3
	25 – 49%	26	12
	50 – 74%	26	12
	75 – 99%	41	18
	100% eða hærra	119	53
	Svarar ekki	5	2
Aðal vinnustaður	Austurland	10	5
	Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur	63	28
	Norðurland	25	11
	Reykjavík	68	31
	Suðurland	17	8
	Suðurnes	12	5
	Vestfirðir	5	2
	Vesturland	14	6
	Svarar ekki	9	4

Í töflu 3. Má sjá á hvaða hljóðfæri/söng kennarar kenndu. Þátttakendur voru beðnir um að hafa aðalhljóðfæri í huga, það sem flestir nemendur læra á.

Tafla 3. Aðalhljóðfæri þátttakenda

		Fjöldi	Hlutfall %
Aðalhljóðfæri	Ásláttarhljóðfæri	9	4
	Brasshljóðfæri	16	7
	Gítar	26	12
	Píanó/orgel/semball	56	25
	Rafgítar/rafbassi	9	4
	Strengjahljóðfæri	25	11
	Söngur	20	9
	Tónfræði og forskólakennsla	8	4
	Tréblásturshljóðfæri	39	17
	Annað	11	5
	Svarar ekki	4	2

Niðurstöður

Skipulag fjarkennslu

Eftir bakgrunnsspurningar voru þátttakendur spurðir um hversu háu hlutfalli nemenda þeir kenndu í fjarkennslu í samkomubanninu. Í ljós kom að 91% þátttakenda rannsóknarinnar kenndu fjarkennslu og 9% kenndu ekki fjarkennslu, sjá töflu 4.

Tafla 4. Hlutfall nemenda í fjarkennslu

	Fjöldi	Hlutfall %
Hlutfall í fjarkennslu		
0% (kenndi ekki fjarkennslu)	19	9
1 – 24%	12	5
25 – 49%	21	10
50 – 74%	23	10
75 – 100%	145	65
Svarar ekki	3	1

Þeir 19 þátttakendur sem kenndu ekki fjarkennslu fengu næst opnar spurningar sem sjá má undir kaflanum *Að lokum* aftast í spurningalistanum.

Spurt var hvar fjarkennslan hefði farið fram og af þeim sem tóku afstöðu sagðist 61% þátttakenda hafa kennt á heimili sínu, 14% kenndu fjarkennslu í skólahúsnæði, 24% kenndu bæði á heimili sínu og í skólahúsnæði og 1% kenndi annars staðar. Þátttakendur voru einnig spurðir hvort kennslutíma einhverra nemenda hefði verið skertur. 46% sögðu svo vera en 54% svöruðu því neitandi.

Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Ég fékk allan þann stuðning frá yfirmanni mínum sem ég þurfti til að sinna fjarkennslunni síðastliðið vor“ og voru 35% mjög sammála fullyrðingunni, 30% voru sammála, 20% voru hlutlaus, 11% voru ósammála og 4% voru mjög ósammála. Eins voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir hefðu fengið nógu skilmerkilegar leiðbeiningar frá yfirmanni sínum um tilhögun fjarkennslunnar. Í ljós kom að 22% voru mjög sammála fullyrðingunni, 29% voru sammála, 19% þátttakenda voru hlutlausir, 11% voru ósammála og 19% mjög ósammála.

Spurt var um hversu mikill eða lítil tími hefði farið í að gera breytingar á stundatöflu fyrir fjarkennslu og sögðu 16% mjög langan tíma hafa farið í breytingarnar, 26% að stundatöflubreytingar hefðu tekið langan tíma, má gera að því skóna að það hafi verið þeir kennarar sem þurftu að breyta stundatöflu vegna þess að þeir gátu ekki kennt á skólatíma. 29% sögðu stundatöflubreytingar hefðu tekið skamman tíma og 24% mjög skamman tíma. Skoðað var hvort samband væri á milli tíma til stundatöflubreytinga og þess að kenna skerta kennslu og var það ómarktækt.

Eins og við var að búast þá jókst tími sem fór í samskipti við foreldra mikið á þessu tímabili þar sem kennarar þurftu að komast í samband við nemendur á annan hátt en venjulega. Af þeim sem tóku afstöðu til þess hvort meiri eða minni tími hafi farið í samskipti við foreldra í samkomubanninu miðað við venjulega sögðust 30% þátttakenda hafa varið mun meiri tíma í samskipti við foreldra, 44% nokkuð meiri tíma, 23% sögðust hafa varið svipuðum tíma í samskipti við foreldra, 1% nokkuð minni tíma og 2% mun minni tíma.

Auk þess að kenna nemendum í gegnum fjarkennslubúnað fóru margir aðrar leiðir við kennsluna eins og að senda nemendum hlustunarlista eða láta nemendur senda upptökur af leik sínum. Hefðbundin tónlistarkennsla í tónlistarskólum fer fram í tónlistartímum þar sem nemandi og kennari eiga í beinum samskiptum. Í töflu 5 má sjá svör við fullyrðingum um kennsluhætti í samkomubanninu.

Tafla 5. Fullyrðingar

	Sammála		Hlutlaus		Ósammála	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Ég tileinkaði mér nýja kennsluhætti	162	85	18	9	12	6
Ég lét nemendur spila eftir eyranu	66	38	40	24	66	38
Ég sendi nemendum hlustunarlista	85	48	22	13	68	39
Ég notaði smáforrit (app) við kennslu	62	37	19	11	88	52
Ég sendi nemendum upptökur af leik mínum	101	56	11	6	68	38
Ég sendi nemendum undirleik af lögum til að spila eftir	81	46	18	10	78	44
Ég sendi nemendum nótur á stafrænu formi til að spila eftir	53	30	74	42	50	28
Ég bjó til sér svæði fyrir hvern nemanda í fjarkennsluforriti	42	26	14	9	105	65
Ég lagði fyrir verkefni í gegnum tölvupóst/skilaboð	125	68	11	6	47	26
Ég kenndi fleiri en einum nemanda í einu í fjarkennslu	34	21	8	5	122	74

Í töflu 5 má sjá að af þeim sem tóku afstöðu sögðust 85% hafa tileinkað sér nýja kennsluhætti, 56% sendu nemendum upptöku af leik sínum og 48% sendu nemendum hlustunarlista í samkomubanninu.

Fjarkennslubúnaður

Þátttakendur rannsóknarinnar voru spurðir ítarlaga út í fjarkennslubúnað með það að markmiði að finna út hvaða búnaður hefði reynst best og hvaða búnað ber að forðast í framtíðinni. Eins og sést í töflu 6 notuðu þátttakendur ellefu tegundir mismunandi búnaðar til fjarkennslunnar. Algengasti búnaðurinn var Messenger, Zoom, Facetime og Skype. Þátttakendur voru spurðir hvernig fjarkennslubúnaðurinn hefði reynst og voru beðnir um að meta það á fimm punkta kvarða. Til einföldunar voru svör sameinuð þannig að þeir sem svöruðu að fjarkennslubúnaður hefði reynst mjög vel og frekar vel voru flokkaðir saman og þeir sem svöruðu frekar illa og mjög illa flokkaðir saman. Sama aðferð var notuð þegar þátttakendur voru beðnir um að meta hljóð- og myndgæði.

Tafla 6. Mat þátttakenda á fjarkennslubúnaði

Búnaður	Fjöldi Heild	Mjög vel/frekar vel		Hvorki vel né illa		Frekar illa/mjög illa	
		Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
BigBlueButton	2	1	50	1	50	0	0
Facetime	87	42	48	22	25	23	27
Google Classroom	7	4	57	1	14	2	29
Google Meet - Hangouts	27	12	44	7	26	8	30
Messenger	128	54	42	39	31	35	27
Microsoft Teams	42	25	60	11	26	6	14
Skype	57	30	53	12	21	15	26
Snapchat	9	6	67	2	22	1	11
WhatsApp	20	10	50	4	20	6	30
Whereby	14	11	79	3	21	0	0
Zoom	105	54	51	31	30	20	19

Í töflu 6 má sjá að yfir helmingur þátttakenda sem tók afstöðu segir búnaðinn hafa reynst frekar vel eða mjög vel í flestum tegundum búnaðar. Facetime (48%), Google Meet/Hangouts (44%) og Messenger (42%) hafa minna en helming þátttakenda sem svöruðu sem telja að búnaðurinn hafi reynst vel í tónlistarkennslu. Af þeim 14 þátttakendum sem notuðu Whereby mátu 11 þeirra að búnaðurinn hefði reynst mjög vel eða frekar vel.

Tafla 7. Mat þátttakenda á hljóðgæðum

Búnaður	Fjöldi Heild	Mjög vel/frekar vel		Hvorki vel né illa		Frekar illa/mjög illa	
		Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
BigBlueButton	2	0	0	0	0	2	100
Facetime	87	16	18	21	24	50	58
Google Classroom	7	0	0	2	29	5	71
Google Meet - Hangouts	27	2	7	7	26	18	67
Messenger	121	22	18	31	26	68	56
Microsoft Teams	42	13	31	10	24	19	45
Skype	59	9	15	18	31	32	54
Snapchat	6	2	33	1	17	3	50
WhatsApp	18	3	17	6	33	9	50
Whereby	14	6	42	4	29	4	29
Zoom	106	28	26	22	21	56	53


Í töflu 7 má sjá svör við spurningunni; ef þú hugsar um hljóðgæði, hvernig fannst þér fjarkennslubúnaðurinn reynast í kennslu? Yfir helmingur þátttakenda sem tók afstöðu segir búnaðinn hafa reynst frekar eða mjög illa í lang flestum tilfellum. Aðeins Microsoft Teams (45%) og Whereby (29%) hafa minna en helming þátttakenda sem svöruðu sem meta hljóðgæði slæm.

Tafla 8. Mat þátttakenda á myndgæðum

		Mjög vel/frekar vel		Hvorki vel né illa		Frekar illa/mjög illa	
Búnaður	Fjöldi Heild	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
BigBlueButton	2	2	100	0	0	0	0
Facetime	86	40	46	22	26	24	28
Google Classroom	5	2	40	1	20	2	40
Google Meet - Hangouts	27	9	33	8	30	10	37
Messenger	117	47	40	43	37	27	23
Microsoft Teams	42	29	69	9	21	4	10
Skype	53	26	49	18	34	9	17
Snapchat	5	3	60	0	0	2	40
WhatsApp	16	8	50	4	25	4	25
Whereby	13	8	62	3	23	2	15
Zoom	103	67	65	23	22	13	13


Í töflu 8 má smá mat á myndgæðum á ellefu tegundum af búnaði. Reynslan af myndgæðum var metin mjög góð eða frekar góð af yfir helmingi þátttakenda sem tóku afstöðu af 6 tegundum af búnaði. Facetime (46%), Google Classroom (40%), Meet/Hangouts (33%) Messenger (40%) og Skype (49%) hafa minna en helming þeirra sem svöruðu sem telja að myndgæði búnaðarins hafi reynst vel í tónlistarkennslu.

Til að varpa skýrara ljósi á niðurstöðurnar var mat þátttakenda á algengasta búnaðinum, Facetime, Messenger, Skype og Zoom skoðað sérstaklega. Á mynd 1 má sjá að um helmingur þátttakenda sem tók afstöðu sagði búnaðinn hafa reynst mjög vel eða frekar vel en þegar beðið var um að hugsa sérstaklega um hljóðgæði var yfir helmingur svarenda sem tók afstöðu á því að búnaðurinn hefði reynst frekar illa eða mjög illa. Hvað myndgæði varðar kemur Zoom best út en 65% þátttakenda sem tóku afstöðu sögðu að þau hefðu reynst vel eða frekar vel.



Mynd 1. Mat þátttakenda á algengasta búnaðinum.

Á mynd 2 má sjá hver útvegaði þann búnað sem kennarar notuðu í fjarkennslu. Af þeim sem svöruðu má sjá að aðeins 5% segjast eingöngu hafa notað búnað sem vinnuveitandi útvegaði, 68% segjast eingöngu hafa notað búnað sem þeir sjálfir útveguðu og 27% segjast bæði hafa notað búnað vinnuveitanda og þeirra eigin.



Mynd 2. Hver útvegaði fjarkennslubúnaðinn

Tafla 9. Hver útvegaði þann búnað sem kennarar notuðu í fjarkennslu.

Aðal vinnustaður	Minn eigin búnaður		Búnaður vinnuveitanda		Bæði minn eigin og vinnuveitanda	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Austurland	2	33	1	17	3	50
Höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur	44	75	3	5	12	20
Norðurland	11	48	2	9	10	43
Reykjavík	49	80	1	2	11	18
Suðurland	12	75	1	6	3	19
Suðurnes	7	64	0	0	4	36
Vestfirðir	1	20	0	0	4	80
Vesturland	5	45	0	0	6	55

Tafla 9 sýnir hver útvegaði tækjakost til fjarkennslu eftir landshlutum og þar má sjá að á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Vesturlandi notaði enginn þátttakandi eingöngu búnað sem vinnuveitandi veitti. Á Vestfjörðum og Vesturlandi notuðu hins vegar færri eingöngu sinn eigin búnað en notuðu bæði sinn eigin og vinnuveitanda. Í Reykjavík segjast 80% svarenda hafa notað eingöngu búnað sem þeir sjálfir útveguðu. Munurinn milli landsvæða er marktækur ($\chi^2(16)=31,305$ $p=0,012$)

Þeir þátttakendur sem sögðust hafa notað búnað vinnuveitanda voru spurðir hvaða búnað hann veitti og má sjá niðurstöðurnar í töflu 10.

Tafla 10. Búnaður sem vinnuveitandi veitti.

		Fjöldi	Hlutfall %
Búnaður	Tölva	27	26
	Spjaldtölva	54	52
	Sími	14	14
	Heyrnartól	10	10
	Hljóðnemi	10	10
	Hljóðfæri	21	20
	Annar	13	13

Hér mátti velja fleiri en einn valmöguleika.

Í töflu 10 má sjá að 52% af þeim sem fengu búnað frá vinnuveitanda sögðust hafa fengið spjaldtölvu og 26% fengu tölvu til afnota. Tuttugu prósent notuðu hljóðfæri sem vinnuveitandi veitti við kennsluna og 14% notuðu síma vinnuveitanda.

Nemendur

Nokkrar spurningar snéru beint að nemendum og þeirra frammistöðu í fjarkennslu. 46% svarenda sögðu að allir nemendur sínir hefðu getað nýtt sér fjarkennslu, 42% að flestir hefðu getað nýtt sér fjarkennslu, 9% að sumir hefðu getað nýtt sér fjarkennslu og 3% að fáir hefðu getað nýtt sér fjarkennslu.

Spurt var um af hvaða ástæðum kennarar telji að nemendur hafi ekki getað nýtt sér fjarkennslu með opinni spurningu. Við henni bárust 83 svör sem flokkuð voru gróflega sem hér segir. Langflestir nefndu tæknileg vandamál, óviðunandi tölvubúnað, nettengingu eða hljóðfæraleysi. Næst oftast var ósamvinnuþýði foreldra eða vankunnátta þeirra nefnd. Persónuleg vandamál, kvíði, feimni og veikindi komu þar á eftir og jafn algengt var að nefna aldur nemenda (hentaði ekki yngri nemendum) og áhugaleysi, viljaleysi og skróp nemenda sem ástæðu. Þá voru tveir svarendur sem sögðu ástæðuna vera að erfitt væri að kenna söng í fjarkennslu.

Tafla 11 sýnir svör þátttakenda um hvernig mæting nemenda var í fjarkennslu samanborið við mætingu í hefðbundna kennslu.

Tafla 11. Mæting nemenda í fjarkennslu samanborið við mætingu í hefðbundna kennslu.

	Fjöldi	Hlutfall %
Mæting nemenda		
Mun betri í fjarkennslu	14	7
Betri í fjarkennslu	20	10
Jafn góð í fjarkennslu og hefðbundna kennslu	126	63
Verri í fjarkennslu	31	16
Mun verri í fjarkennslu	7	4

Í töflu 11 má sjá að 63% svarenda segja mætingu nemenda sinna hafa verið jafn góða í fjarkennsluna og í hefðbundna kennslu. Þá segja 17% mætingu hafa verið betri eða mun betri í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu. 20% segja þó að mæting nemenda hafi verið verri eða mun verri í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu.

Svarendur voru beðnir um að leggja mat á hve stórum hluta nemenda hafi gengið vel að taka leiðbeiningum í gegnum fjarkennslubúnað og sögðu 14% að öllum hafi gengið vel,

57% að flestum hafi gengið vel, 26% að sumum hafi gengið vel og 3% að fáum hafi gengið vel.

Með opinni spurningu voru svarendur beðnir um að bera einbeitingu nemenda sinna í fjarkennslu saman við einbeitingu nemenda í hefðbundinni kennslu. Við spurningunni bárust 160 svör. Af þeim sem svöruðu sögðu 40 svarendur að einbeiting nemenda hefði verið mjög góð, góð, ágæt, allgóð eða nokkuð góð og 21 kennari sagði hana hafa verið betri í fjarkennslu samanborið við einbeitingu í hefðbundinni kennslu. Þá sögðu 32 kennarar að hún hefði verið svipuð eða sambærileg við hefðbundna kennslu og 17 sögðu hana hafa verið misjafna. 29 kennarar sögðu einbeitingu í fjarkennslu hafa verið sæmilega, verri, minni eða ekki góða. Sex kennarar nefndu að einbeiting hefði verið trufluð af heimilisaðstæðum og 10 sögðu að hún hefði farið dvínandi. Þá voru fimm svarendur sem sögðu einbeitingu hafa verið betri hjá eldri en yngri nemendum.

Þegar spurt var um hvort aldur nemenda hefði haft áhrif á hvernig fjarkennslan gekk komu fram mjög skýrar vísbendingar um að yngri nemendur hafi átt erfiðara með að einbeita sér en eldri nemendur. Kennarar áttu líka erfitt með að leiðrétta líkamsstöðu hjá yngri nemendum og þeir þurftu meiri hjálp frá foreldrum. Sumir kennarar nefndu að eldri nemendur hefðu verið tregari til að mæta í fjarkennslu og hafi frekar flosnað upp úr námi. Þá kom fram að erfitt hefði verið að vinna með túlkun og blæbrigði í tónlist sem eldri nemendur hafa meiri þörf fyrir. Þá sögðu 67 svarendur að aldur nemenda hafi ekki haft áhrif á hvernig fjarkennslan gekk.


Nemendur þurfa að hafa aðstöðu heima fyrir til að mæta í fjarkennslu svo sem rými, hljóðfæri tölvu, nótur, nótnastatíf og sögðu 17% þeirra sem tóku afstöðu alla nemendur sína hafa haft nægilega góða aðstöðu heima fyrir. 42% svarenda mátu það svo að flestir hefðu haft nægilega góða aðstöðu, 27% sögðu suma hafa haft nægilega góða aðstöðu, 12% að fáir hefðu haft nægilega góða aðstöðu og 2% að enginn hefði haft nægilega góða aðstöðu heima fyrir.

Með opinni spurningu voru svarendur beðnir um að tiltaka hvaða búnað, ef einhvern hafi skort. Við henni bárust 101 svar sem flest féllu undir níu flokka. Algengast var að svarendur nefndu skort á nothæfri tölvu eða viðeigandi tölvubúnaði og margir sögðu að nemendur hefðu eingöngu haft síma til notkunar í fjarkennslunni með ófullnægjandi hljóð- og myndgæðum. Næst flestir nefndu skort á rými og næði. Þá nefndu margir að vantað hefði hljóðnema til að tryggja hljóðgæði og að nettenging hefði ekki verið nægilega góð. Þar á eftir

komu umkvartanir um léleg hljóðfæri eða hljóðfæraleysi og svo að nemendur hafi ekki haft nótnastatíf heima fyrir. Sumir nefndu að nemendur vantaði upptökutæki og heyrnatól.

Upplifun og líðan kennara

Þátttakendur voru spurðir um hvernig tekist hefði til með fjarkennsluna. Eins og mynd 3 sýnir mat 71% kennari það sem svo að tekist hefði vel til, 22% sögðu að hvorki hefði tekist vel né illa til og 7% illa.



Mynd 3. Hvernig tókst þér til með fjarkennsluna?

Einnig voru þátttakendur rannsóknarinnar beðnir um að leggja mat á það hversu vel eða illa þeim hefði fundist þeir ráða við aðstæður. Eins og tafla 12 sýnir mátu 82% þátttakenda það sem svo að þeir hefðu verið öruggir í þessum aðstæðum en 18% óöruggir.

Tafla 12. Ráða við aðstæður

		Fjöldi	Hlutfall %
Ráða við aðstæður	Mjög örugg/ur	38	19
	Frekar örugg/ur	127	63
	Frekar óörugg/ur	33	17
	Mjög óörugg/ur	2	1

Spurt var um líðan í fjarkennslu með fjórum spurningum þar sem kennarar voru beðnir um að meta líðan sína í samanburði við líðan í hefðbundinni kennslu. Kennarar voru

beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Í samanburði við hefðbundna kennslu leið mér í fjarkennslunni:“ og svarmöguleikar voru; mun betur, betur, jafn vel, verr, mun verr og veit ekki/vil ekki svara.

Tafla 13. Líðan í fjarkennslu í samanburði við hefðbundna kennslu.

		Fjöldi	Hlutfall %
Líðan	Mun betur	0	0
	Betur	7	4
	Jafn vel	52	27
	Verr	91	46
	Mun verr	46	23

Í töflu 13 má sjá að 69% svarenda segjast hafa liðið verr eða mun verr í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu. Engum leið mun betur og 7 einstaklingar sögðu að þeim hefði liðið betur í fjarkennslu en í hefðbundinni kennslu. Körlum (n=90, m=2,82) leið að meðaltali betur en konum (n=106 m= 3,10) $t=2,308(196)$ $p=0,02$. Þar sem enginn þátttakandi sagðist hafa liðið mun betur og aðeins 7 leið betur voru svör sameinuð þannig að þeir sem svöruðu jafn vel og betur voru flokkaðir saman og þeim sem leið verr eða mun verr flokkaðir saman.¹ Tafla 14 sýnir samband milli líðunar og staðsetningar á höfuðborgarsvæði eða á landsbyggð.

Tafla 14. Samband milli líðunar og staðsetningar

		Höfuðborgarsvæðið			Landsbyggðin	
		Fjöldi Heild	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Líðan	Leið vel	57	26	22	31	45
	Leið illa	132	94	78	38	55

Þar má sjá að kennurum leið betur út á landi en á höfuðborgarsvæðinu, af þeim sem voru á höfuðborgarsvæðinu leið 78% illa á móti 55% af þeim sem voru á landsbyggðinni (χ^2

¹ Það er möguleiki að einhver þátttakandi hafi metið það sem svo að honum hafi liðið illa í hefðbundinni kennslu og „jafn illa“ í fjarkennslu en við álitum það ólíklegt þar sem orðalagið býður upp á að líða bæði vel og illa og ólíklegt að þátttakandi sem líður illa merkji við að líða vel.

(1)=11,254 p=0,001). Þetta er þó með þeim fyrirvara að flestir þeirra þátttakenda sem flokkaðir eru í að líða vel sögðust hafa liðið jafn vel í fjarkennslu og í hefðbundinni kennslu. Niðurstöðurnar ná því betur utan um þá þátttakendur sem leið illa en þá sem leið vel.

Tafla 15. Þreyta

		Fjöldi	Hlutfall %
Þreyta	Mun meiri þreyta	66	33
	Meiri þreyta	73	37
	Svipuð þreyta	37	19
	Minni þreyta	16	8
	Mun minni þreyta	5	3

Í töflu 15 má sjá að 70% svarenda sögðust finna fyrir meiri eða mun meiri þreytu að loknum vinnudegi í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu. Eldri kennarar fundu fyrir meiri þreytu en yngri kennarar ($\chi^2(6)=13,063$ p=0,042) en ekki fannst marktækur munur eftir kyni, starfshlutfalli eða menntun.

Tafla 16. Líkamleg óþægindi

		Fjöldi	Hlutfall %
Líkamleg óþægindi	Mun meiri	43	24
	Meiri	49	27
	Svipuð	67	37
	Minni	16	9
	Mun minni	6	3

Tafla 16 sýnir að 51% kennara sagðist finna fyrir meiri eða mun meiri líkamlegum óþægindum að loknum vinnudegi í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu. 37% sögðust finna fyrir svipuðum líkamlegum óþægindum og 12% fyrir minni eða mun minni líkamlegum óþægindum. Eldri kennarar fundu fyrir meiri líkamlegum óþægindum en yngri kennarar ($\chi^2(6)=16,825$ p=0,010).

Einnig var kannað hvort munur væri á þeim sem kenna hlutastarf og þeim sem eru í 100% eða hærra stöðugildi. Svörin voru sameinuð þannig að þeir sem sögðust finna fyrir mun meiri og meiri líkamlegum óþægindum voru flokkaðir saman og þeir sem fundu fyrir

minni og mun minni líkamlegum óþægindum voru flokkaðir saman. Tafla 17 sýnir samband milli líkamlegra óþæginda og stöðugildis.

Tafla 17. Samband milli líkamlegra óþæginda og stöðugildis.

		Fjöldi Heild	Hlutastarf		100% eða hærra stöðugildi	
			Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Líkamleg óþægindi	Meiri	89	34	42	55	58
	Svipuð	66	33	41	33	35
	Minni	21	14	17	7	7

Þeir kennarar sem voru í 100% stöðugildi eða meira sögðust frekar finna fyrir meiri líkamlegum óþægindum í fjarkennslunni en þeir sem kenndu hlutfallslega minna ($\chi^2(2)=6,214$ $p=0,045$). 58% þeirra sem voru í 100% stöðugildi eða hærra sögðust finna fyrir meiri líkamlegum óþægindum á móti 42% þeirra sem voru í hlutastarfi. 7% þeirra sem voru í 100% stöðugildi eða hærra sögðust finna fyrir minni líkamlegum óþægindum í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu á móti 17% þeirra sem voru í hlutastarfi.

Horft til framtíðar

Til að varpa ljósi á hvernig kennarar sjá fyrir sér fjarkennslu í framtíðinni voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til spurninga um notkun fjarkennslubúnaðar í framtíðinni og þeim gefinn kostur á að tjá sig með opnum svörum.

Tafla 18. Mun notast við fjarkennslubúnað í framtíðinni.

		Fjöldi	Hlutfall %
Fjarkennslubúnaður í framtíðinni	Örugglega	29	15
	Sennilega	55	27
	Ekki viss	43	21
	Sennilega ekki	45	22
	Örugglega ekki	30	15

Tafla 18 sýnir svör þátttakenda við spurningunni; Í eðlilegu árferði í framtíðinni, telur þú að þú munir nýta þér fjarkennslubúnað við kennslu? Þar má sjá að heldur fleiri eru fullyrðingunni sammála (42%) en ósammála (37%). Þó er munurinn ekki mikill. Samkvæmt niðurstöðunum eru kennarar utan höfuðborgarsvæðis líklegri til að segjast munu nota fjarkennslubúnað í framtíðinni. Höfuðborgarsvæði (n=123 m=3.15) Utan höfuðborgarsvæðis (n=72 m= 2,71) $t=2,263(193)$ $p=0,025$.

Þátttakendur voru spurðir um undir hvaða kringumstæðum þeir telji að þeir muni nýta sér fjarkennslubúnað og má sjá niðurstöðurnar í töflu 19.

Tafla 19. Notkun fjarkennslubúnaðar í framtíðinni

		Fjöldi	Hlutfall %
Kringumstæður	Sennilega eingöngu notast við fjarkennslubúnað	0	0
	Sem almennur valkostur	22	11
	Þegar nemendur komast ekki í tíma	59	28
	Til að bæta upp kennslu	72	34
	Sem neyðarúrræði	162	78
	Sennilega ekki notast við fjarkennslubúnað	20	10

Hér mátti velja fleiri en einn valmöguleika

Í töflu 19 má sjá að 79% þátttakenda sjá fyrir sér notkun fjarkennslubúnaðar sem neyðarúrræði (t.a.m. samkomubann eða rauð veðurviðvörðun) en 11% telja notkun fjarkennslubúnaðar verða almennan valkost fyrir nemendur í framtíðinni. Þá er áhugavert að 28% þátttakenda sjá fjarkennslubúnað sem möguleika þegar nemendur komast ekki í tíma og 34% til að bæta upp kennslu. Þá kom fram hjá nokkrum þátttakendum í opnum svörum að gott væri að geta gripið til fjarkennslu þegar veður og færð hamla ferðum nemenda og/eða kennara.

Kennarar voru einnig spurðir hvort þeir teldu að þeir myndu nota smáforrit við kennslu í eðlilegu árferði í framtíðinni. 50% sögðu að þeir myndu sennilega eða örugglega gera það, 30% voru ekki viss og 20% sögðust sennilega eða örugglega ekki gera það í framtíðinni. Niðurstöður úr spurningu um notkun stafrænna lausna (t.d. Teams, Google Classroom) voru svipaðar. 38% sögðust sennilega eða örugglega nýta sér stafrænar lausnir, 30% voru ekki viss og 32% sögðust sennilega ekki eða örugglega ekki nýta stafrænar lausnir við kennslu í framtíðinni.

Lang flestir þátttakendur nefndu að viðeigandi búnaður þyrfti að vera til staðar þegar spurt var um hvað væri æskilegt við skipulag fjarkennslu. Þá nefndu kennarar líka að bæði kennarar og nemendur þyrftu að fá kennslu í að nota fjarkennslubúnað. Margir þátttakendur nefndu líka að leiðbeiningar og reglur varðandi fjarkennslu þyrftu að vera skýrar og að þeim yrði miðlað til foreldra með formlegum hætti. Þá nefndu nokkrir að stundatöflu yrði að gera með það í huga að kennari gæti hvílt sig á milli tíma og að tímar yrðu styttr.

Þátttakendur voru spurðir með opinni spurningu um hvað skuli forðast við skipulag komi til þess að tónlistarkennsla fari aftur fram í fjarkennslu og nefndu flestir þeirra sem svöruðu að forðast ætti að hafa kennslutíma í fullri lengd. Margir nefndu lélegar græjur og að hafa of margar samskiptaleiðir í boði. Þá var nefnt að forðast ætti að hafa stundatöflu of losaralega og að huga þyrfti að því að afmarka vinnutíma kennara. Þá komu fram áhyggjur af því hvort rafræn samskipti gætu hugsanlega brotið lög um persónuvernd.

Með opinni spurningu var spurt um hvaða jákvæðu tækifæri í kennslu hafi skapast í samkomubanninu og má lesa úr svörunum að þátttakendur hafi fyrst og fremst verið þakklátir fyrir að hægt var að halda tónlistarkennslu á floti við þessar aðstæður. Nefnt var að hugsanlega hafi verið komið í veg fyrir brottfall og að það hafi haft góð áhrif á líðan nemenda að geta haldið áfram að mæta í spilatíma. Margir nefndu líka góð áhrif á samband við foreldra og þátttöku þeirra í tónlistarnáminu.

Umræða

Skipulag fjarkennslu

Niðurstöður eiginlegrar rannsóknar á fjarkennslu á tímum Covid - 19 með þátttakendum frá Evrópu og Bandaríkjunum sýndu að tónlistarkennarar voru að takast á við mjög áþekkt vandamál þar og hér. Kennslutími var skertur en undirbúningur miklu meiri en í eðlilegu ástandi og flókið að afmarka vinnutíma og frítíma (Biasutti o.fl., 2021). Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar kenndi yfir helmingur kennara á heimili sínu eingöngu og tæplega helmingur kenndi skerta kennslu. Tími sem fór í samskipti við foreldra og skipulag kennslu jókst og þá kom fram í opnu svari eins þátttakanda að „kennslutíminn hefði flotið út

um allt“. Var þetta í samræmi við upplifun framhaldsskólakennara á Íslandi í samkomubanninu og er það eitthvað sem sannarlega ætti að huga að við skipulag fjarkennslu í framtíðinni (Puríður Jóna Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir, 2020).

Yfir helmingur þátttakenda taldi sig fá nógu skilmerkilegar leiðbeiningar frá yfirmanni um tilhögun fjarkennslunnar. Þetta er í samræmi við upplifun framhaldsskólakennara á Íslandi af leiðbeiningum yfirmanna um kennslutilhögun í samkomubanni. Tæplega helmingur framhaldsskólakennara taldi sig hins vegar hafa fengið mjög eða frekar lítinn kennslufræðilegan stuðning þegar kennsla var færð yfir í fjarnám (Súsanna Margrét Gestsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Elsa Eiríksdóttir, 2020). Það er hins vegar ánægjulegt að sjá að flestir tónlistarkennarar (65%) segjast hafa fengið fullnægjandi stuðning frá yfirmanni.

Það er mjög sláandi hvað tónlistarkennurum var boðið upp á slæma aðstöðu til að sinna kennslu í samkomubanninu. Vissulega var um neyðarástand að ræða en samt er ótrúlegt að ætlast hafi verið til þess að kennarar sinntu starfi sínu heima hjá sér á internetinu með sínum eigin tækjum. Fróðlegt væri að vita hvort kennsluhúsnæði tónlistarskóla sé almennt vel útbúið tölvum og tækjum sem henta fjarkennslu.

Mikill meirihluti þátttakenda sagðist hafa tileinkað sér nýja kennsluhætti á tímabilinu og liggja þar líklega mikil tækifæri í að nýta stafræna tækni við kennslu. Yfir helmingur þátttakenda sendi nemendum upptöku af leik sínum og svipað hlutfall lét nemendur gera upptöku af sínum leik. Margir notuðu smáforrit við kennslu og nokkrir gerðu svæði á netinu með efni aðgengilegu fyrir nemendur. Í opnum spurningum kom fram að smáforritin sem þátttakendur nýttu sér voru af ýmsum toga, til að mynda undirleiksforrit, tónlistarleiki, taktþjálf, tónfræði- og tónheyrnarforrit. Hugsanlegt er að notkun á tækninni geti stutt við sjálfstæði nemenda þar sem þeir sækja sér það efni sem fellur helst að áhugasviði þeirra. Þá getur skapast tækifæri til að útvíkka kennsluhætti frá hinu hefðbundna formi í skólastofunni þar sem kennarinn stýrir nemandanum að fyrirframgefnu takmarki (Helga Rut Guðmundsdóttir og Freyja Gunnlaugsdóttir, 2021).

Fjarkennslubúnaður

Þrátt fyrir ýmsa annmarka má þakka tækninni að gerlegt var að halda tónlistarkennslu á floti í samkomubanninu. Kennarar notuðust við margar tegundir af fjarkennslubúnaði og voru þeir beðnir um að leggja almennt mat á þann búnað sem þeir

nýttu sér og einnig voru þeir spurðir sérstaklega út í hljóð- og myndgæði. Í ljós kom að flestir höfðu notast við Facetime, Messenger, Skype og Zoom. Ekki má ráða af niðurstöðum rannsóknarinnar að einn búnaður hafi reynst betur en annar. Hugsanlega er búnaðurinn áþekkur en líka er hugsanlegt að þátttakendur hafi ekki fengið skýra mynd af mismun á virkni búnaðar. Sumir þátttakendur höfðu ekki val um hvaða búnað mætti nota og hafa því hugsanlega ekki verið að spá í hvort eitthvað virkaði betur en annað. Stundum fór val á búnaði eftir hentugleika nemenda og má ljóst vera að í framtíðinni mun val á búnaði fá mun meiri ígrundun þegar tími gefst til að huga vel að vali á búnaði.

Þátttakendur rannsóknarinnar voru almennt neikvæðari þegar þeir mátu hljóðgæði en myndgæði en meira en helmingur þeirra mat hljóðgæði slæm eða mjög slæm. Það skýrist væntanlega af því að fólk gerir mögulega meiri kröfur hvað hljóð varðar og tekur síður eftir slæmum myndgæðum. Ætla má að sá fjarkennslubúnaður sem tónlistarkennarar notuðust við hafi verið hannaður til þess að bera mannsrödd í gegnum internetið en ekki hljóð úr hljóðfærum og söngrodd. Það kann að hafa áhrif á gæði hljóðs en til að gera hljóðið bærilegra notuðust sumir við hljóðnema og annan aukabúnað. Ekki var spurt sérstaklega út í hvort að slíkur búnaður hafi bætt hljóðið en áhugavert væri að gera rannsókn á því í framtíðinni.

Nemendur

Rannsóknin beindist fyrst og fremst að upplifun tónlistarkennara en mikilvægt er að skoða einnig upplifun nemenda og foreldra í framtíðinni. Þátttakendur rannsóknarinnar voru þó beðnir um að leggja mat á þátttöku nemenda. Þeir voru flestir á þeirri skoðun að nemendur gátu nýtt sér fjarkennslu og að mæting hefði verið góð, jafnvel betri en í hefðbundna kennslu (17%). 20% tónlistarkennara sagði mætingu nemenda sinna hafa verið verri eða mun verri í fjarkennslu en hefðbundna kennslu en helmingur framhaldsskólakennara mat mætingu nemenda sinna verri en fyrir samkomubann. 39% framhaldsskólakennara sagði mætingu í fjarkennslu svipaða og fyrir samkomubann á móti 63% tónlistarkennara (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Má leiða að því líkum að þarna sé form tónlistarkennslu stór þáttur þar sem nemendur í einkakennslu og foreldrar þeirra eiga í persónulegu sambandi við kennara sinn og því mikill hvati til að mæta í tíma.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir að allir nemendur hafi aðgengi að tölvum og neti. Grunnskólakennarar höfðu miklar áhyggjur af aðstöðumun nemenda þegar kennsla var skert

í samkomubanninu og þó að nám í tónlist falli ekki undir skyldunám þá er aðstöðumunur í tónlistarnámi líka áhyggjuefni (Kristín Jónsdóttir, 2020). Í ljós kom að 12% tónlistarkennara sögðu að fáir nemendur hefðu haft nægilega góða aðstöðu heima fyrir og 2% að enginn hefði haft nægilega góða aðstöðu. Aðstöðuleysi var líka langalgengasta ástæðan sem kennarar nefndu fyrir því að nemendur gátu ekki nýtt sér fjarkennslu, að tæknibúnað hafi vantað eða stuðning og hjálp foreldra. Það er vissulega áhyggjuefni.

Ánægjulegt er að 71% þátttakenda sagði að öllum eða flestum nemendum hefði gengið vel að taka leiðbeiningum í gegnum fjarkennslubúnað og einungis 3% að fáum hefði gengið vel. Þá voru fleiri á því að einbeiting nemenda hefði verið almennt góð í fjarkennslu en misjöfn á milli nemenda eins og í hefðbundinni kennslu. Áhugavert er að nokkrir kennarar sögðu einbeitingu hafa verið dvínandi eftir því sem leið á tímann og að aðrir sögðu hana hafa verið minni hjá yngri nemendum en eldri. Þegar spurt var um aldur sögðu 67 þátttakendur hann ekki hafa haft áhrif á gengi kennslunnar en þó mátti sjá skýr merki í svörum annarra að yngri nemendum hefði gengið verr að takast á við fjarkennslu en eldri nemendum.

Upplifun og líðan kennara

Það er sláandi hve stór hluti þátttakenda mat líðan sína verri eða mun verri í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu. Konum leið verr en körlum þó ekki hafi komið fram munur eftir kyni á svörum við hvernig tókst til með fjarkennsluna og hvernig þátttakendum fannst þeir ráða við aðstæður. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir á líðan á tímum Covid - 19 sem sýna fram á að það að vera kona er áhættuþáttur fyrir slæma útkomu á prófum sem mæla geðheilsu (Favieri, Forte, Tambelli og Casagrande, 2021; Broche-Pérez, Fernández-Fleites, Jiménez-Puig, Fernández-Castillo og Rodríguez-Martin, 2020; Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, Rafn M. Jónsson, Sigrún Daníelsdóttir og Sveinbjörn Kristjánsson, 2020). Þó að spurt hafi verið sérstaklega um samanburð á líðan í fjarkennslu við líðan í hefðbundinni kennslu má ætla að fyrirkomulag fjarkennslunnar og tímabilið sem hún fór fram á hafi haft áhrif á svör þátttakenda. Fjarkennslan var í flestum tilfellum ekki valkvæð og enginn undirbúningur var í boði fyrir kennara sem voru mjög misjafnlega tækjum búnir. Það að kennurum leið betur úti á landi getur stafað af því að lang flest smit voru á höfuðborgarsvæðinu og kennarar þar því líklega nær ógninni um að smitast og veikjast af veirunni. Líðan í fjarkennslu er eitthvað sem ætti að skoða betur við eðlilegar aðstæður því

líklegt er að þessar niðurstöður gefi ekki rétta mynd af sambandi líðunar og fjarkennslu (Hodges, Moore, Lockee, Trust og Bond, 2020). Fyrri reynsla af fjarkennslu hafði áhrif á upplifun íslenskra framhaldsskólakennara þannig að þeir sem höfðu ekki reynslu af fjarkennslu áttu erfiðara með að breyta starfsháttum sínum og voru almennt neikvæðari gagnvart fjarkennslu (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020).

Það er vel þekkt að hljóðfæraleikur veldur líkamlegum óþægindum (Brandfonbrener, 2009) en hugsanlega hefur kyrrseta, það að kenna fyrir framan skjá haft enn verri áhrif. Tónlistarkennarar hafa venjulega tækifæri til að hreyfa sig í kennslunni og því viðbrigði að vinna fyrir framan skjá. Íslenskir framhaldsskólakennarar fundu fyrir svipuðum auknum óþægindum við að vinna skyndilega meira fyrir framan tölvu í fjarkennslu í samkomubanninu (Þuríður Jóna Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir, 2020). Það kemur því ekki á óvart að kennarar í fullu starfi fundu fyrir meiri líkamlegum óþægindum en kennarar í hlutastarfi.

Eftirtektarvert er að 70% þátttakenda sagðist hafa fundið fyrir meiri eða mun meiri þreytu að loknum vinnudegi í fjarkennslu samanborið við hefðbundinn vinnudag. Hugsast getur að tímabilið sem spurt er um hafi almennt verið þreytandi og að það auka álag sem fylgdi samkomubanninu hafi einhver áhrif. Það getur þó verið að það reyni meira á að eiga samskipti í gegnum tölvu og það taki meiri orku að ná tengslum við nemendur þannig.

Horft til framtíðar

Það er áhugavert að tæplega þriðjungur þátttakenda telja sennilegt að þeir muni nýta sér fjarkennslubúnað í eðlilegu árferði í framtíðinni. Það eru þó mjög skiptar skoðanir og það að flestir sjá fjarkennslu fyrir sér sem neyðarúrræði kemur ekki á óvart þar sem reynslan sem spurt er um í rannsókninni fjallar um fjarkennslu í neyðarástandi. Þó sér um þriðjungur þátttakenda möguleika á því að nýta sér fjarkennslu þar sem staðkennslu verður ekki komið við, svo sem þegar nemendur komast ekki í tíma eða kennarar þurfa að bæta upp kennslu. Í rannsókn sem gerð var á reynslu framhaldsskólakennara á Íslandi af fjarkennslu í samkomubanninu koma fram svipaðar niðurstöður þar sem mjög skiptar skoðanir voru á áhrifum fjarkennslunnar á starfshætti í fjarkennslu. Sumir kennarar sáu fyrir sér að fjarfundafyrirkomulagið væri komið til að vera á meðan aðrir sáu frekar fyrir sér að kennsla myndi fara í fyrra horf þegar ástandinu linnti (Þuríður Jóna Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir, 2020).

Kennarar á landsbyggðinni sjá frekar fyrir sér að kenna fjarkennslu í framtíðinni en kennarar á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanlega sjá kennarar sem kenna í dreifbýli sér meiri hag í því að geta kennt nemendum í fjarkennslu þar sem þar þurfa bæði nemendur og kennarar stundum að ferðast langar vegalengdir fyrir staðkennslu. Það er helsti kostur fjarkennslu að hún getur farið fram hvar sem er á hvaða tíma sem er og býður þannig upp á mikinn sveigjanleika (Koutsoupidou, 2014).

Lokaorð

**„Ef ég þarf að kenna fjarkennslu aftur við sömu aðstæður þá hoppa ég í sjóinn!
Allir voru að reyna að vera jákvæðir, sem er gott, en þegar ég gekk á fólk og spurði
hvernig raunverulega gekk þá voru allir sammála um að þetta hefði verið sjúklega
erfitt og mjög lítill árangur hafi náðst hjá nemendum. Semsagt, algert neyðarúrræði“.**

Orðin eru fengin úr opnu svari frá þátttakanda rannsóknarinnar og er hann einn af all mörgum sem lét skoðun sína í ljós á afdrifaríkan hátt. Það kemur ekki á óvart þar sem tónlistarkennarar, líkt og aðrir, þurftu að aðlagast nýjum veruleika. Sá veruleiki gekk fyrst og fremst út á að halda fjarlægð. Að halda fjarlægð frá öðrum með einföldum tæknibúnaði gengur ekki upp ef spila eða syngja á saman tónlist vegna seinkunar á hljóði. Að kenna túlkun og útskýra mismunandi blæbrigði tónlistar er vita vonlaust ef hljóðið er bjagað. Að læra á nýjan búnað getur tekið tíma og reynt á þolinmæðina. Að breyta stundaskrá með skömmum fyrirvara er íþyngjandi. Að þurfa að sinna börnum og sjá um heimanám þeirra er ekki einfalt þegar sinna á vinnu á sama tíma. Þetta eru einungis örfá dæmi um þann veruleika sem tónlistarkennarar þurftu að kljást við í samkomubanninu.

Ljóst er að tónlistarkennarar unnu mikið afrek þegar þeir færðu tónlistarkennslu í fjarkennslu á heimilum sínum án nokkurs fyrirvara. Þeir þurftu að kynnast nýjum kennsluháttum og þurftu flestir að takast á við aðstæðurnar með sínum eigin tækjum. Fæstir kennarar fengu kennslu á búnaðinn og þurftu þeir sjálfir að læra inn á hann. Ekki var lengur hægt að leika eða syngja með nemendum, hljóðið var bjagað, margir lentu í vandræðum með nettengingu og þurftu þeir að eyða miklu púðri í tæknimál. Þrátt fyrir það beittu þeir mjög fjölbreyttum úrræðum til að ná til nemenda. Þeir notuðust við margar tegundir af fjarkennslubúnaði þar sem þeir reyndu á sem bestan hátt að líkja eftir hefbundnum hljóðfæra- og söngtímum. Meira en helmingur kennara sendi nemendum upptökur af leik

sínum og margir nemendur sendu kennurum upptökur af leik sínum, hlustuðu á verk sem kennarinn hafði mælt með, mættu vel í tíma og áttu tónlistartímar ríkan þátt í að brjóta upp daginn hjá nemendum og ekki síður foreldrum þeirra. Ætla má að margir foreldrar hafi kynnst tónlistarkennurum barna sinna og kennsluaðferðum þeirra betur með því að fylgjast með tímunum.

Kennarar voru almennt ánægðir með hvernig til tókst en þeim leið ekki vel og upplifðu þreytu og líkamleg einkenni í meira mæli en í hefðbundinni kennslu. Hodges og félagar (2020) vara þó við því að draga of miklar ályktanir af reynslu af fjarkennslu á internetinu sem kom til vegna neyðarástands og segja ígrundun, undirbúning og skipulag gefa allt aðra mynd af fjarkennslu. Það er því ánægjulegt að sjá að tæplega helmingur þátttakenda segist munu nota fjarkennslubúnað í eðlilegu árferði í framtíðinni. Ef svo má vera væri æskilegt að tónlistarkennarar og nemendur þeirra fengju kennslu í að nota fjarkennslubúnað. Leiðbeiningar og reglur þyrftu að vera skýrar og ætti að miðla til foreldra með formlegum hætti.

Kennsla á 21. öld kallar á aukna nýtingu tækninnar en einn helsti ókostur við fjarkennslu er hversu hljóð berst seint en verið er að þróa búnað sem mun vonandi leiða til þess að hægt verði að leika saman tónlist á rauntíma í framtíðinni. Þar má nefna Lola og Intermusic.² Ef vel tekst til má leiða líkum að því að rafræn tækni muni vera meira fléttuð inn í kennslu en áður hefur verið. Einkakennsluformið býður upp á að kennslan sé sniðin að þörfum nemandans og því er hugsanlegt að fjarkennsluformið henti sumum nemendum miklu betur en öðrum. Þá er heppilegt að geta sniðið kennsluformið að þörfum nemandans á hverjum tíma, það er erfitt að kenna handstöðu og túlkun í gegnum fjarfundabúnað en kannski er hentugt að fara í gegnum tónstiga eða önnur tæknileg atriði í gegnum fjarfundabúnað eða annars konar stafræn samskipti. Þau eru þó takmörkunum háð því eins og kom fram í opnu svari þátttakanda þá jafnast ekkert á við fínleg blæbrigði mannlegrar nándar.

Rannsókn þessi dregur fram hvernig tekist var á við faraldurinn í tónlistarskólum á Íslandi í samkomubanni. Þessi reynsla felur í sér tækifæri til að læra nýjar leiðir í tónlistarkennslu en hvort að sú þekking sem varð til muni breyta starfsháttum tónlistarkennara mun framtíðin ein leiða í ljós.

² Lola: <https://lola.conts.it> Intermusic: <http://intermusicproject.eu>

Heimildir

- Biasutti, M., Philippe R. A. og Schiavio, A. (2021). Assessing teachers' perspectives on giving music lessons remotely during the COVID-19 lockdown period. *Musicae Scientiae*, 1-19. <https://doi.org/10.1177/1029864921996033>
- Brandfonbrener, A. G. (2009). History of playing-related pain in 330 university freshman music students. *Medical Problems of Performing Artists*, 24(1), 30-36.
- Broche-Pérez, Y., Fernández-Fleites, Z., Jiménez-Puig, E., Fernández-Castillo, E., og Rodríguez-Martin, B. C. (2020). Gender and fear of COVID-19 in a Cuban population sample. *International Journal of Mental Health and Addiction*. <https://doi.org/10.1007/s11469-020-00343-8>
- Dammers, R. J. (2009). Utilizing internet-based videoconferencing for instrumental music lessons. *Applications of Research in Music Education*, 28(1), 17–24. <https://doi.org/10.1177/8755123309344159>
- Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, Rafn M. Jónsson, Sigrún Daniëlsdóttir og Sveinbjörn Kristjánsson (2020). Heilsa og líðan á tímum COVID-19. *Talnabrunnur, fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar* (14)6, 1-4. https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item43190/Talnabrunnur_September_2020.pdf
- Embætti landlæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. (e.d.). Covid.is. Sótt 15.júlí 2021 af <http://www.covid.is>
- Favieri, F., Forte, G., Tambelli, R., og Casagrande, M. (2021). The Italians in the time of coronavirus: Psychosocial Aspects of the Unexpected COVID-19 Pandemic. *Frontiers In Psychiatry*, 12, 551924. <https://doi.org/10.3389/fpsy.2021.551924>
- Helga Rut Guðmundsdóttir og Freyja Gunnlaugsdóttir (2021). Hin óttablandna virðing: Um kennsluhætti og viðteknar hefðir í tónlistarnámi. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://ojs.hi.is/netla/article/view/3381>
- Hodges, C., Moore, S., Lockee, B., Trust, T. og Bond, A. (2020). The difference between emergency remote teaching and online learning. *EDUCAUSE Review*, 3. <https://er.educause.edu/articles/2020/3/the-difference-between-emergency-remote-teaching-and-online-learning>
- Koutsoupidou, T. (2014) Online distance learning and music training: benefits, drawbacks and challenges, *Open Learning: The Journal of Open, Distance and e-Learning*, 29(3), 243-255. <https://doi.org/10.1080/02680513.2015.1011112>

Kristín Jónsdóttir (2020). Tengslin við heimilin trosnuðu merkilega lítið í fyrstu bylgju COVID-19: Sjónarhorn stjórnenda og grunnskólakennara. *Netla - Veftímarit um Uppeldi og menntun*.

https://netla.hi.is/serrit/2020menntakerfi_heimili_covid19/05.pdf

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar (2020). Starfsemi grunn- og leikskóla, íþrótt og menningarmála í samkomubanni. Sótt 10.júlí 2021 af

<https://reykjavik.is/frettir/starfsemi-grunn-leikskola-ithrotta-og-menningarmala-i-samkomubanni>

Súsanna Margrét Gestsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Elsa Eiríksdóttir. (2020). Fjarkennsla í faraldri: Nám og kennsla í framhaldsskólum á tímum samkomubanns vegna COVID-19. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*.

https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/09.pdf

Thornton, L. (2019). Vision 2020 and Beyond. *Journal of Music Teacher Education*, 29(1), 3–6. <https://doi.org/10.1177/1057083719874949>

Tónlistarkennsla.net. Sótt 1. júlí 2021 af <https://www.tonlistarkennsla.net/>

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir (2020). Fjarkennsla og stafræn tækni í framhaldsskólum á tímum farsóttar vorið 2020: Sjónarhóll kennara og stjórnenda. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/10.pdf

Rannsókn á fjarkennslu í tónlist í samkomubanni 2020

Kæri kennari.

Rannsókninni er ætlað að afla þekkingar fyrir kennara og stjórnendur tónlistarskóla um framkvæmd fjarkennslu og reynslu tónlistarkennara af henni. Upplifun þín skiptir miklu máli og ert þú beðin/n um að svara eftir bestu vitund um kennsluhætti þína í samkomubanninu sem sett var á í mars árið 2020.

Þér er vitanlega frjálst að hafna þátttöku eða hætta henni hvenær sem er. Þér er heldur ekki skylt að svara öllum spurningum. Meðferð gagnanna verður samkvæmt ströngustu kröfum um trúnað og nafnleynd og svör verða ekki rakin til einstakra svarenda. Aðeins rannsakendur munu hafa aðgang að gögnunum.

Spurningarnar snúa að fjarkennslu á hljóðfæri eða söng. Öllum tónlistarkennurum er þó boðið að taka þátt í rannsókninni. Vinsamlega svaraðu með aðalhljóðfæri þitt í huga og þann vinnustað þar sem þú hefur hæsta starfshlutfallið ef þú kennir á fleiri en einum stað.

Velkomin

1. Hvert er kyn þitt?

Mark only one oval.

- Kona
- Karl
- Annað
- Vil ekki svara

2. Hver er aldur þinn?

Mark only one oval.

- 19 ára eða yngri
- 20 - 34 ára
- 35 - 49 ára
- 50 - 64 ára
- 65 ára eða eldri
- Vil ekki svara

3. Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið í tónlist?

Mark only one oval.

- Grunnpróf (eða sambærilegt)
- Miðpróf (eða sambærilegt)
- Framhaldspróf (eða sambærilegt)
- Bakkalárpróf (BA, BMus eða sambærilegt)
- Meistarapróf (MA, MMus eða sambærilegt)
- Doktorspróf (PhD)
- Annað
- Vil ekki svara

4. Hvert er heildarstarfshlutfall þitt?

Mark only one oval.

- 1-24%
- 25-49%
- 50-74%
- 75-99%
- 100% eða hærra

5. Á hvaða hljóðfæri kennir þú? Hafðu í huga þitt aðalhljóðfæri, það sem flestir nemendur þínir læra á.

Mark only one oval.

- Ásláttarhljóðfæri
- Brasshljóðfæri
- Gítar
- Píanó/orgel/semball
- Rafgítar/rafbassi
- Strengjahljóðfæri
- Söngur
- Tréblásturshljóðfæri
- Tónfræði og forskólakennsla
- Annað
- Vil ekki svara

6. Hvar á landinu er þinn aðal vinnustaður?

Mark only one oval.

- Reykjavík
- Höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur
- Vesturland
- Vestfirðir
- Norðurland
- Austurland
- Suðurland
- Suðurnes
- Vil ekki svara

Fjarkennsla

7. Hversu háu hlutfalli nemenda þinna kenndir þú í fjarkennslu í samkomubanninu?

Mark only one oval.

- 0% (kenndi ekki fjarkennslu) *Skip to section 12 (Að lokum)*
- 1-24%
- 25-49%
- 50-74%
- 75-100%
- Vil ekki svara

Fjarkennsla

8. Hvar fór fjarkennslan fram?

Mark only one oval.

- Á heimili mínu
- Í skólahúsnæði
- Bæði á heimili mínu og í skólahúsnæði
- Annars staðar
- Vil ekki svara

9. Ef þú notaðist við fjarkennslubúnað, hvaða búnað notaðir þú? - Merktu við allt sem við á.

Tick all that apply.

- BigBlueButton
- FaceTime
- Google Classroom
- Google Meet - Hangouts
- Messenger
- Microsoft Teams
- Skype
- Snapchat
- WhatsApp
- Whereby
- Zoom
- Annan

10. Ef annan, hvaða búnað notaðir þú?

Fjarkennslubúnaður

11. Hvernig fannst þér fjarkennslubúnaðurinn sem þú notaðir reynast í tónlistarkennslu?

Mark only one oval per row.

	Mjög illa	Frekar illa	Hvorki vel né illa	Frekar vel	Mjög vel	Á ekki við/vil ekki svara
BigBlueButton	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
FaceTime	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Google Classroom	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Google Meet - Hangouts	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Messenger	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Microsoft Teams	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Skype	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Snapchat	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
WhatsApp	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Whereby	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Zoom	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

12. Ef þú hugsar um hljóðgæði, hvernig fannst þér fjarkennslubúnaðurinn reynast í kennslu?

Mark only one oval per row.

	Mjög illa	Frekar illa	Hvorki vel né illa	Frekar vel	Mjög vel	Á ekki við/vil ekki svara
BigBlueButton	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
FaceTime	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Google Classroom	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Google Meet - Hangouts	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Messenger	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Microsoft Teams	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Skype	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Snapchat	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
WhatsApp	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Whereby	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Zoom	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

13. Ef þú hugsar um myndgæði, hvernig fannst þér fjarkennslubúnaðurinn reynast í kennslu?

Mark only one oval per row.

	Mjög illa	Frekar illa	Hvorki vel né illa	Frekar vel	Mjög vel	Á ekki við/vil ekki svara
BigBlueButton	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
FaceTime	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Google Classroom	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Google Meet - Hangouts	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Messenger	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Microsoft Teams	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Skype	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Snapchat	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
WhatsApp	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Whereby	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Zoom	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

14. Hver útvegaði þann búnað sem þú notaðir í fjarkennsluna?

Mark only one oval.

- Ég notaði búnað sem ég útvegaði
- Ég notaði bæði búnað vinnuveitanda og minn eigin
- Ég notaði eingöngu búnað sem vinnuveitandi útvegaði
- Vil ekki svara

15. Hvaða búnað (ef einhver) veitti vinnuveitandinn. -Merktu við allt sem við á.

Tick all that apply.

- Tölvu
- Spjaldtölvu
- Síma
- Heyrnartól
- Hljóðnema
- Hljóðfæri
- Annan
- Veit ekki/vil ekki svara

16. Merktu við eftirfarandi fullyrðingar sem eiga við um þig á meðan á samkomubanni stóð:

Mark only one oval per row.

	Mjög sammála	Nokkuð sammála	Hlutlaus	Nokkuð ósammála	Mjög ósammála/gerði ekki	Veit ekki/vil ekki svara
Ég tileinkaði mér nýja kennsluhætti	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég lét nemendur spila eftir eyranu	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég sendi nemendum hlustunarlista	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég notaði smáforrit (app) við kennslu	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég sendi nemendum upptökur af leik mínum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég lét nemendur senda mér upptökur af leik sínum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég sendi nemendum undirleik af lögum til að spila eftir	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég sendi nemendum nótur á stafrænu formi til að spila eftir	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég bjó til sér svæði fyrir hvern nemanda í fjarkennsluforriti (t.d Teams eða Google Classroom)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég lagði fyrir verkefni í gegnum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

tölvupóst/skilaboð

Ég kenndi fleiri en
einum nemanda í
einu í fjarkennslu

Skipulag

17. Ég fékk nógu skilmerkilegar leiðbeiningar frá yfirmanni mínum um tilhögun fjarkennslunnar.

Mark only one oval.

- Mjög sammála
- Sammála
- Hlutlaus
- Ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki/vil ekki svara

18. Hversu mikill eða lítill tími fór í breytingar á stundatöflu fyrir fjarkennslu?

Mark only one oval.

- Mjög langur tími
- Langur tími
- Skammur tími
- Mjög skammur tími
- Veit ekki/vil ekki svara

19. Eyddir þú meiri eða minni tíma í samskipti við foreldra í samkomubanninu miðað við venjulega?

Mark only one oval.

- Mun minni tíma
- Nokkuð minni tíma
- Svipuðum tíma
- Nokkuð meiri tíma
- Mun meiri tíma
- Veit ekki/vil ekki svara

20. Var kennslutími einhverra nemenda þinna í fjarkennslu skertur?

Mark only one oval.

- Já
- Nei
- Veit ekki/vil ekki svara

21. Hversu stór hluti nemenda þinna gat nýtt sér fjarkennslu?

Mark only one oval.

- Allir
- Flestir
- Sumir
- Fáir
- Enginn
- Veit ekki/vil ekki svara

22. Ef einhverjir nemendur gátu ekki nýtt sér fjarkennslu. Af hvaða ástæðum telur þú að það hafi verið?

Nemendur

23. Nemendur þurfa að hafa aðstöðu heima fyrir til að mæta í fjarkennsluna (rými, hljóðfæri, tölvu, nótur, nótnastatíf o.s.frv.). Hversu stór hluti nemenda hafði að þínu mati nægilega góða aðstöðu heima fyrir?

Mark only one oval.

- Allir höfðu nægilega góða aðstöðu
- Flestir höfðu nægilega góða aðstöðu
- Sumir höfðu nægilega góða aðstöðu
- Fáir höfðu nægilega góða aðstöðu
- Enginn hafði nægilega góða aðstöðu
- Veit ekki/vil ekki svara

24. Hvaða, ef einhvern, búnað skorti?

25. Hvernig var mæting nemenda í fjarkennslu samanborið við mætingu í hefðbundna kennslu?

Mark only one oval.

- Nemendur mættu mun betur í fjarkennsluna
- Nemendur mættu betur í fjarkennsluna
- Nemendur mættu jafn vel í fjarkennsluna og hefðbundna kennslu
- Nemendur mættu verr í fjarkennsluna
- Nemendur mættu mun verr í fjarkennsluna
- Veit ekki/vil ekki svara

26. Að þínu mati hversu stórum hluta nemenda þinna gekk vel að taka leiðbeiningum í gegnum fjarkennslubúnað?

Mark only one oval.

- Öllum gekk vel
- Flestum gekk vel
- Sumum gekk vel
- Fáum gekk vel
- Engum gekk vel
- Veit ekki/vil ekki svara

27. Hvernig var einbeiting nemenda þinna í fjarkennslu samanborið við einbeitingu nemenda þinna í hefðbundinni kennslu?

Líðan

Við tónlistarkennarar þurftum að takast á við nýjar kennsluáðstæður án mikils undirbúnings sem hefur hugsanlega haft áhrif á líðan okkar í vinnunni. Hér á eftir koma nokkrar spurningar um líðan þína í fjarkennslunni?

28. Hvernig tókst þér til með fjarkennsluna?

Mark only one oval.

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Veit ekki/vil ekki svara

29. Ég fékk allan þann stuðning frá yfirmanni mínum sem ég þurfti til að sinna fjarkennslunni síðastliðið vor.

Mark only one oval.

- Mjög sammála
- Sammála
- Hlutlaus
- Ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki/vil ekki svara

30. Í samanburði við hefðbundna kennslu leið mér í fjarkennslunni:

Mark only one oval.

- Mun betur
- Betur
- Jafn vel
- Verr
- Mun verr
- Veit ekki/vil ekki svara

31. Samanborið við hefðbundna kennslu, fannst þú fyrir minni eða meiri þreytu að loknum vinnudegi í fjarkennslu?

Mark only one oval.

- Ég fann fyrir mun minni þreytu í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir minni þreytu í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir svipaðri þreytu í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir meiri þreytu í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir mun meiri þreytu í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Veit ekki/vil ekki svara

32. Samanborið við hefðbundna kennslu, fannst þú fyrir minni eða meiri líkamlegum óþægindum (til að mynda vöðvabólgu, hausverk, raddóþægindum) að loknum vinnudegi í fjarkennslu?

Mark only one oval.

- Ég fann fyrir mun minni líkamlegum óþægindum í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir minni líkamlegum óþægindum í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir svipuðum líkamlegum óþægindum í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir meiri líkamlegum óþægindum í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Ég fann fyrir mun meiri líkamlegum óþægindum í fjarkennslu samanborið við hefðbundna kennslu
- Veit ekki/vil ekki svara

33. Hversu vel eða illa fannst þér þú ráða við aðstæður í fjarkennslu?

Mark only one oval.

- Ég var mjög örugg/ur og mér fannst ég ráða mjög vel við aðstæður
- Ég var frekar örugg/ur og mér fannst ég ráða vel við aðstæður
- Ég var frekar óörugg/ur og mér fannst ég ráða illa við aðstæður
- Ég var mjög óörugg/ur og mér fannst ég ráða mjög illa við aðstæður
- Veit ekki/vil ekki svara

Horft til framtíðar

34. Í eðlilegu árferði í framtíðinni, telur þú að þú munir nýta þér fjarkennslubúnað við kennslu?

Mark only one oval.

- Já, örugglega
- Já, sennilega
- Er ekki viss
- Nei, sennilega ekki
- Nei, örugglega ekki
- Vil ekki svara

35. Undir hvaða kringumstæðum telur þú að þú munir nýta þér fjarkennslubúnað? - Merktu við allt sem við á.

Tick all that apply.

- Ég mun sennilega eingöngu notast við fjarkennslubúnað í framtíðinni
- Ég mun nýta mér hann sem almennan valkost fyrir nemendur
- Þegar nemendur komast ekki í tíma
- Til að bæta upp kennslu
- Sem neyðarúrræði (t.a.m. samkomubann eða rauð veðurviðvörðun)
- Ég mun sennilega ekki nýta mér fjarkennslubúnað í framtíðinni
- Veit ekki/vil ekki svara

36. Í eðlilegu árferði í framtíðinni, telur þú að þú munir nýta þér smáforrit (app) við kennslu?

Mark only one oval.

- Já, örugglega
- Já, sennilega
- Er ekki viss *Skip to question 38*
- Nei, sennilega ekki *Skip to question 38*
- Nei, örugglega ekki *Skip to question 38*
- Veit ekki/vil ekki svara *Skip to question 38*

Smáforrit

37. Hvaða smáforrit telur þú að þú munir koma til með að nota?

Stafrænar lausnir

38. Í eðlilegu árferði í framtíðinni, telur þú að þú munir nýta þér aðrar stafrænar lausnir (t.d. Teams, Google Classroom) á alnetinu (internetinu) við kennslu?

Mark only one oval.

- Já, örugglega
- Já, sennilega
- Er ekki viss *Skip to section 12 (Að lokum)*
- Nei, sennilega ekki *Skip to section 12 (Að lokum)*
- Nei, örugglega ekki *Skip to section 12 (Að lokum)*
- Veit ekki/vil ekki svara *Skip to section 12 (Að lokum)*

39. Hvaða stafrænu lausnir telur þú að þú munir nýta þér?

Að
lokum

Að lokum koma hér nokkrar spurningar þar sem þér er boðið að segja nánar frá reynslu þinni. Að endingu skaltu ljúka þátttöku þinni með því að senda svör þín inn.

Að lokum

40. Hafði aldur nemenda áhrif á hvernig fjarkennslan gekk?

41. Hvaða úrlausnarefni vegna kennslufyrirkomulags í samkomubanninu reyndust erfiðust?

42. Hvað telur þú að ætti að forðast við skipulag komi til þess að tónlistarkennsla fari aftur fram í fjarkennslu?

43. Hvað telur þú æskilegt við skipulag fjarkennslu?

44. Hvaða jákvæðu (ef einhver) tækifæri í kennslu hafa skapast í samkomubanninu?

45. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

This content is neither created nor endorsed by Google.

Google Forms